

Mál nr. 5

Handknattleiksfélag Kópavogs, knattspyrnudeild gegn Knattspyrnufélaginu Víkingi, knattspyrnudeild

Kæra HK

HK krefst þess að vera úrskurðaður sigur, 3:0 í leik Víkings R. og HK í 4. flokki karla, B-lið, á Íslandsmóttinu sem háður var í Víkinni fimmtudaginn 21. júní 2001. Lokatölur leiksins urðu 6:6.

Lýsing

Í leik B-liða félaganna, sem fór fram strax á eftir leik A-liðanna, tefldi Víkingur fram leikmanni sem hafði leikið með A-liði félagsins í leiknum á undan.

Tilvísun í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

Í lið 3.9.5.1. þar sem fjallað er um Íslandsmót í 11 manna liðum í 4. flokki karla, 4. grein, segir ;”... Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi.”

Röksemdir

Víkingar brutu gegn ofangreindri reglu þegar þeir tefldu fram A-liðs manni í B-leiknum og lið þeirra var því ólöglega skipað. Þetta var gert án samráðs við þjálfara eða forráðamenn HK og tilgangurinn var augljóslega sá að styrkja B-liðið, en ekki vegna mannfæðar, þar sem varamannabekkur þess var fullskipaður í leiknum. Viðkomandi leikmaður hafði afgerandi áhrif á úrslit leiksins. Að vel athuguðu máli hefur HK ákveðið að leggja fram þessa kæru, ekki vegna stiganna sem leikið er um, heldur vegna þess að um mjög slæmt fordæmi er að ræða og telja ekki verjandi gagnvart þeim ungu leikmönnum sem liðin skipa aðláta óátalið þegar haft er rangt við til að ná fram hagstæðum úrslitum.

Gögn

Leikskýrslur úr báðum leikjum félaganna, milli A-liða og milli B-liða.

Vitni

Hilmar Rafn Kristinsson, þjálfari 4. flokks karla hjá HK.

Einar Páll Einarsson, foreldri úr HK, sem fylgdist með báðum leikjum félaganna.

f.h. knattspyrnudeildar HK

Halldór Valdimarsson

Víðir Sigurðsson

Úrskurður Knattspyrnudómstóls KSÍ

Ár 2001, föstudaginn 6. júlí kl. 12.00 kom Dómstóll KSÍ saman í fundarsal KSÍ, Laugardalsvelli. Tekið var fyrir málið nr. 4/2001, Handknattleiksfélag Kópavogs, knattspyrnudeild gegn Knattspyrnufélaginu Víkingi, knattspyrnudeild og kveðinn var upp svofelldur úrskurður:

Skrifstofa KSÍ móttók 28. júní s.l. kæru, þar sem kært er vegna leiks liðanna í 4. flokki karla, B-lið á Íslandsmóttinu, sem fram fór í Víkinni, fimmtudaginn 21. júní 2001, kl. 18:30.

Fyrir dómnum lágu þessi dóm skjöl:

1. Kæra Handknattleiksfélag Kópavogs, knattspyrnudeildar, móttokin Á skrifstofu KSÍ 28. júní 2001.
2. Bréf dómara til kærða, dags. 29. júní 2001.

Gerð er krafa um að kæranda verði úrskurðaður sigur, 3-0, en lokatölur leiksins eru 6:6, á þeirri forsendu að kærði hafi teflt fram ólöglegum leikmanni í leiknum.

Vísað er til mótareglna í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 3.9.5.1, 4. lið, þar sem segir m.a.:
“.....Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi.”

Rök kæranda

“Víkingar brutu gegn ofangreindri reglu þegar þeir tefldu fram A-liðs manni í B-leiknum og lið þeirra var því ólöglega skipað. Þetta var gert án samráðs við þjálfara eða forráðamenn HK og tilgangurinn var augljóslega sá að styrkja B-liðið, en ekki vegna mannfæðar, þar sem varamannabekkur þess var fullskipaður í leiknum. Viðkomandi leikmaður hafði afgerandi áhrif á úrslit leiksins.....”.

Dómstóll KSÍ ákvað að beita flýtimeðferð máls skv. 8. gr. Um Dómstóla Knattspyrnusambands Íslands. Með bréfi dómstólsins til kærða, dskj. 2, var kærða tilkynnt um ákvörðun dómstólsins um að viðhafa flýtimeðferð máls. Jafnframt var kærða gefinn kostur á að tjá sig um málið sem kærði hefur ekki nýtt sér.

Með vísan til 8. gr. laga um Dómstóla Knattspyrnusambands Íslands úrskurðast hér með að kærði telst hafa brotið mótareglur KSÍ um knattspyrnumót, með því að mæta með ólöglega skipað lið til leiks í leik liðanna í 4. flokki karla, B-lið, á Íslandsmótinu, sem fram fór í Víkinni, fimmtudaginn 21. júní 2001, kl.18:30. Kærði telst með þessu hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, og skal greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ

Úrskurður

Knattspyrnufélagið Víkingur, knattspyrnudeild, telst hafa tapað leik gegn Handknattleiksfélagi Kópavogs, knattspyrnudeild, í 4. flokki karla, B-liðum, á Íslandsmótinu, sem fram fór í Víkinni, fimmtudaginn 21. júní 2001, kl. 18:30, með markatölunni 0-3.

Fleira ekki gert.

Dómþingi slitið kl. 13:00

Halldór Frímansson